

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 1991

Nr. 223

442

21. maí 1991

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir dýralækna.

Ákveðin hefur verið 5,71% hækkun á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 204 25. apríl 1990, sem gildir frá 1. maí 1991 að telja.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. maí 1991.

F. h. r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 224

23. maí 1991

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. júní 1991 að telja um 2.57% frá því sem þær voru í maí 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. maí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.